



## GARÐAR OG REYNISFJARA Í MÝRDAL

Deiliskipulagsbreyting

24.08.2023



Deiliskipulagsbreyting þessi, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Mýrdalshrepps þann \_\_\_\_\_

f.h. Mýrdalshrepps

---

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_

#### UPPLÝSINGAR

---

##### SKJALALYKILL

103177-01-DSK-001-V02

##### HÖFUNDUR

Ingibjörg Sveinsdóttir

##### RÝNT

Anne Bruun Hansen

## EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Markmið	4
1.2	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Tengsl við aðrar áætlanir	4
2.1.1	Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033	4
3	SKIPULAGSSKILMÁLAR	5
3.1	Breytingar á uppdrætti	5
3.2	Breytingar á greinargerð	5
4	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	6
4.1	Niðurstaða	6
5	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	6
5.1	Skipulagsferli	7

## 1 INNGANGUR

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi á jörðinni Görðum (L163019) og Reynisfjöru lóð (L221691) í Mýrdalshreppi. Bílastæði í Reynisfjöru anna ekki lengur þeim fjölda ferðamanna sem þangað leggur leið sína. Því er gert ráð fyrir öðru bílastæði um 300 m frá núverandi stæði, þar verður hægt að leggja bílum á álagstímum. Gönguleið verður gerð frá nýju bílastæði að núverandi bílastæði. Afmörkun núverandi bílastæðis er aðlöguð að því sem er til staðar m.v. loftmynd. Skipulagssvæðið er um 11,4 ha og stækkar úr 11 ha.

Deiliskipulag fyrir Garða og Reynisfjöru var staðfest í B-deild Stjórnartíðinda í janúar 2014. Að öðru leyti en því sem hér er greint frá gilda skilmálar eldra deiliskipulags.

### 1.1 Markmið

Markmið með breytingunni er að heimila nýtt bílastæði sem verður notað á álagstímum.

### 1.2 Skipulagsgögn

Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Deiliskipulagsuppdráttur sem sýnir breytt deiliskipulag og gildandi skipulag. Mkv. 1:2.000.
- Greinargerð þessi með forsendum og umhverfismatskýrslu.

## 2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Vegna fjölda ferðamanna sem leggur leið sína í Reynisfjöru þá er núverandi bílastæði oft á tíðum fullnýtt. Og því þörf á að bæta við bílastæði sem má nýta á álagstímum. Að öðrum kosti leggja ferðamenn í vegkantinum sem er ekki ásættanlegt m.t.t. umferðaröryggis. Svæðið sem tekið verður undir viðbótar bílastæði er í dag nýtt fyrir heyrúllur og hefur verið borið ofan í það. Því er um raskað svæði að ræða.

### 2.1 Tengsl við aðrar áætlanir

#### 2.1.1 Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033

#### Verslun og þjónusta

Í almennum ákvæðum eru eftirfarandi skilmálar:

- Áhersla skal lögð á hagkvæma nýtingu lóða og vandaða ásýnd bygginga og lóðafrágang. Nánari ákvæði um vandaða hönnun bygginga, lóðaskipulag og fyrirkomulag bílastæða verði sett í deiliskipulagi með það að markmiði að stuðla að góðri ásýnd og greiðri aðkomu.

- Öruggt og gott aðgengi allra að starfsemi verslunar og þjónustusvæða verði tryggt og leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum bílaumferðar.

Í aðalskipulaginu er svæðið sem breytingin nær til skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði Vþ37. Heimiluð er veitingasala og þjónustubyggingar við Reynisfjöru og smáhýsi fyrir gistingu.

### **3 SKIPULAGSSKILMÁLAR**

Gerð er breyting á uppdrætti og greinargerð.

#### **3.1 Breytingar á uppdrætti**

Sett er inn nýtt bílastæði og skipulagssvæðið stækkað svo það nái yfir það. Núverandi bílastæði er aðlagð að raunverulegri afmörkun þess m.v. loftmynd. Gert er ráð fyrir göngustíg frá nýju bílastæði að núverandi bílastæði, um 300 m leið.

#### **3.2 Breytingar á greinargerð**

##### **Kafli um vegi og bílastæði – stefna í gildandi skipulagi**

Aðkoma að svæðinu er um Reynishverfisveg (nr. 215) sem liggur af Suðurlandsvegi við Prestshús. Bílastæði eru sýnd á skipulagsuppdrætti. Gert er ráð fyrir rúmgóðum bílastæðum fyrir fólksbíla og rútur í Reynisfjöru. Bílastæði verða grjótvarin að sunnanverðu til að forðast rof af völdum sjávangangs.

##### **Kafli um vegi og bílastæði – stefna í breyttu skipulagi**

Aðkoma að svæðinu er um Reynishverfisveg (nr. 215) sem liggur af Suðurlandsvegi við Prestshús. Bílastæði eru sýnd á skipulagsuppdrætti. Gert er ráð fyrir rúmgóðum bílastæðum fyrir fólksbíla og rútur í Reynisfjöru. Bílastæði eru grjótvarin að sunnanverðu til að forðast rof af völdum sjávangangs. Vegna ágangs sjávar, sem á það til að flæða yfir bílastæði, þá verður ekki lagt slitlag á það.

Við Reynishverfisveg, um 300 m frá núverandi bílastæði, er bætt við bílastæði sem nýtt verður á álagstímum. Leitast skal við að fella bílastæði að landi, eftir því sem hægt er. T.d. má vera með lágar jarðvegsmanir/grjót eða trjágróður til að draga úr sýnilegu umfangi bílastæðis.

Bílastæði eru sýnd til viðmiðunar á deiliskipulagsuppdrætti.

##### **Kafli um gönguleiðir – stefna í gildandi skipulagi**

Þjónustusvæði eru tengd saman með göngustíg. Frá bílastæði í Reynisfjöru liggur göngustígur niður í fjöruna. Gert er ráð fyrir að hann verði endurbættur.

## Kafli um gönguleiðir – stefna í breyttu skipulagi

Þjónustuvæði eru tengd saman með göngustíg. Frá bílastæði í Reynisfjöru liggur göngustígur niður í fjöruna. Gerður verður göngustígur frá nýju bílastæði að núverandi bílastæði. Göngustígar eru sýndir til viðmiðunar á deiliskipulagsupprætti. Heimilt er að hnika þeim til svo fella megi þá að landi, án þess að breyta þurfi deiliskipulagi.

Heimilt er að sinna viðhaldi og endurbótum á stígum eftir því sem þarf.

## 4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Við breytingar á deiliskipulagi skal, skv. gr. 5.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á umhverfisþætti, eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

Ekki eru bornir saman valkostir þar sem svæðið er skilgreint sem verslunar- og þjónustuvæði í gildandi aðalskipulagi og breytingin metin í samræmi við það. Núverandi ástand með yfirfullt bílastæði og bíla sem leggja meðfram aðkomuvegi þykir ekki boðlegt, hvorki sem þjónusta við ferðamenn eða m.t.t. umferðaröryggis.

Gerð er grein fyrir líklegum áhrifum af stefnunni og lagt mat á hvort áhrifin eru talin jákvæð, óveruleg, neikvæð eða óviss.

**Áhrif á gróður eru óveruleg** því verið er að taka svæði sem nýtt hefur verið fyrir heyrúllur undir bílastæði.

**Áhrif á ásýnd eru neikvæð.** Umfangsmikil bílastæði eru alltaf sýnileg þegar þau eru full af bílum. Þar sem um er að ræða ferðamannastað í dreifbýli þá þarf að gera ráð fyrir að stærsti hluti gesta komi á bílum. Til að draga úr sýnilegu umfangi er bent á að nota má jarðvegsmanir og trjágróður til að draga úr umfangi.

**Áhrif á umferðaröryggi eru jákvæð.** Mun öruggara er fyrir alla vegfarendur að geta lagt bílum á bílastæði og gengið eftir göngustíg fremur en að leggja í vegkanti og ganga á veginum.

### 4.1 Niðurstaða

Sveitarfélagið er hlynnt því að gert verði nýtt bílastæði fyrir gesti í Reynisfjöru og lagður göngustígur frá því að núverandi bílastæði. Við þetta batnar aðstaða og aðbúnaður gesta. Þá er verið að nýta land sem þegar hefur verið raskað.

## 5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Deiliskipulagsbreytingin er unnin og kynnt skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Óskað verður eftir umsögnum um breytinguna frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðinni

### 5.1 Skipulagsferli

